

Bergmenn ehf
Klængshóli
Dalvík

25. janúar 2018
UST201801-048/P.B.S.
09.07.01

Jökull Bergmann Þórarinsson
Svarfaðarbraut 1
621 Dalvík

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - Glerárdalur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bergmanna ehf. dags. 4. janúar 2018, vegna fyrirhugaðrar atvinnustarfsemi innan fólkvangsins á Glerárdal. Sótt er um leyfi til að nota þyrlur til að flytja skíðamenn á fjallstinda ofan Glerárdals þaðan sem þeir skíða niður á dalsbotninn og eru þangað sóttir á sömu þyrlu og flutti þá á tindana. Sótt er um leyfi fyrir þyrlufluginu á tímabilinu 1. febrúar til 30. júní 2018-2022, ef það fæst ekki samþykkt þá sækja Bergmenn um leyfi til eins árs.

Samkvæmt 5.gr. auglýsingar um fólkvanginn í Glerárdal er umferð loftfara (t.d. þyrluflug) sem truflað gæti gesti og dýralíf óheimil án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing:

Um er að ræða samskonar umsókn og send var inn 18. janúar 2017 sem var samþykkt með bréfi Umhverfisstofnunar þann 15. mars 2017. Þá var veitt leyfi til eins árs að beiðni Akureyrarbæjar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að þyrluflug innan fólkvangsins hafi í för með sér nokkra truflun fyrir aðra gesti svæðisins. Markmið friðlýsingarinnar á Glerárdal er að vernda svæðið til útivistar fyrir almenning, náttúruskoðun og fræðslu. Af tilliti við aðra útivistarhópa, sérstaklega þá sem eru ekki að stunda útivist sem hefur í för með sér hávaða, þá leggur Umhverfisstofnun til að þyrluflug verði ekki heimilt á sunnudögum. Ólíklegt þykir að starfsemin hafi neikvæð áhrif á gróður eða fuglalíf. Skráð varp heiðargæsar á Glerárdal er til að mynda neðan við það svæði sem mögulega verður nýtt til þyrluskíðaferða.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti að Bergmenn ehf. stundi þyrluflug í þágu skíðamennsku í Glerárdal. Umhverfis- og mannvirkjaráð Akureyrarbæjar samþykkir beiðni frá Bergmönnum ehf um leyfi fyrir þyrluskíðaferðum á Glerárdal. Ráðið gerir fyrirvara um að farið verði eftir reglugerðum er gilda um vatnsverndarsvæði og að leyfið verði veitt tímabundið til eins árs.

Leyfið er veitt til eins árs með eftirfarandi skilyrðum:

- Þyrluflug er ekki heimilt á Glerárdal á sunnudögum.
- Leggja skal áherslu á að takmarka ónæði sem aðrir gestir verða fyrir, meðal annars með að fljúga ekki upp á fjallstinda þar sem annarra skíða- eða gönguhópa verður vart.
- Starfsmenn fyrirtækisins sem koma að flugi og skíðun í Glerárdal skulu upplýstir um friðlýsingaskilmála svæðisins og skal þeim fylgt í starfsemi fyrirtækisins.
- Fylgja skal reglum sem gilda um vatnsverndarsvæði í hvívetna.
- Í lok tímabils skal skila skýrslu til Umhverfisstofnunar þar sem fram koma upplýsingar um dagsetningar og fjölda ferða og þyrla á svæðinu.
- Umhverfisstofnun skal upplýst um öll frávik sem kunna að verða vegna þyrluflugs í Glerárdal s.s. mengunaróhöpp, árekstra við gönguhópa eða annað sem stríðir gegn friðlýsingarskilmálum.


Leiðbeiningar:


Umhverfisstofnun mælist til þess að framkvæmdaraðili hafi samband við Heilbrigðiseftirlit Norðurland eystra og fái umsögn frá þeim vegna vatnsverndarsvæðis.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr. 40. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gjaldið fyrir leyfi til starfsemi og framkvæmda er 39.400 kr., sbr. gr. 24b. í gjaldsrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Virðingarfyllst
Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


David Örvor Hansson
Sérfræðingur